



Fundur hjá skólaráði Ártúnsskóla

27. október 2021

Fundurinn var fjarfundur

1. Fyrst á dagskrá var starfsáætlun skólans. Skólaráð var búið að samþykkja hana en ekki hefur borist endurgjöf frá Skóla- og frístundasviði. En starfsáætlun leikskóladeildarinnar hefur verið samþykkt.
2. Skimun á málþroska í 1. bekk. Á síðasta ári voru allir nemendur skimaðir en ákveðið var af talmeinafræðingum þjónustumiðstöðvar að sleppa því í ár að skima alla og eingöngu skimaðir þeir sem starfsfólk skólanna telur að þurfi aðstoð. Of mikill tími fór í að skima í stað þess að vinna með börnunum.
3. Fyrirlögn Skólapúlsins er í október en niðurstöður eru ekki komnar. Niðurstöðurnar eru nýttar í innra mat og eru hluti af umbótaáætlun skólans.
4. Starfsmannasamtöl – snerpusamtöl. Höfum undanfarin ár reynt að hafa starfsmannasamtöl í formi snerpusamtala 2x á ári. Í ár voru snerpusamtöll við kennara teymin í haust og svo starfsmannasamtöl fyrir alla starfsmenn í febrúar.
5. Áætlun um innra mat. Í starfsáætlun gerðum við breytingu á fyrirkomulagi innra mats. Ákveðið að meta nokkra þætti skólastarfsins í hverjum mánuði. Í innra mat er td. skólapúls, árangur í lestri, líðan ofl.
6. Tölvu og snjalltækjakostur skólans. Skólinn er því miður ekki nægilega vel búinn tækjum fyrir nemendur en Skóla- og frístundasvið hefur gefið út að á árinu 2022 verði aukið við tækjakost á miðstigi. Bára er dugleg að minna á stöðu okkar. Vonum að það beri árangur.
7. Leikskólalóðin. Leikskólalóðin er mjög lúin og í raun og veru ekki boðleg. Mikið um klappir sem eru sleipar í bleytu, mold sem verður for í rigningu, lúin leiktæki og svo framvegis. Erum að spá í hvort foreldrar væru til í að minna á ásigkomulag lóðarinnar.
8. Matur nemenda: Matráðurinn okkar er í veikindaleyfi amk fram í miðjan janúar. Það hafa borist kvartanir bæði frá starfsmönnum og foreldrum að of mikið erum um unnar kjötvörur, mat í raspi og buff og bollur. Ellen er búin að hafa samband við skólamat og nefna þetta og þeirra svar er að verið sé að vinna í að bæta matinn. Núna strax er verið að fækka réttum sem eru í raspi. Þau hjá skólamat vilja endilega fá hugmyndir frá okkur um rétti sem hægt væri að taka inn og bæta á matseðilinn. Þess ber að geta að salatbarinn hjá þeim er mjög finn og alla daga er boðið upp á vegan rétt fyrir þá sem það vilja.

Fundinn ritaði
Guðrún Bára